

Ed.

377. Frumvarp til laga

[13. mál]

um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. febr.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo: Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1900.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar $4\frac{1}{2}\%$ af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum. Frá 1. janúar 1971 skal gjald samkvæmt þessum tölulíð vera 4% af fob-verðmæti afurðanna.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er frá 1. jan. 1971 að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.
Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.
6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna og síldarlýsi.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en $\frac{1}{3}$ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra gilda um útfluttar vörur frá 1. jan. 1971. Jafnframt er úr gildi felld 10. gr. laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.